

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 28 í stjórn Herjólfss ohf., haldinn föstudaginn 4. október 2019 kl.16:30

í fundarsal Hótel Vestm.

Mættir voru: Arnar Pétursson, Arndís Bára Ingimarsdóttir, Páll Þór Guðmundsson, Agnes Einarsdóttir, Birna Vídó Þórsdóttir, Aníta Jóhannsdóttir og Guðbjartur Ellert Jónsson sat fundinn í gegnum síma. Guðlaugur Friðþórsson boðaði forföll. Ívar Torfason sat fundinn undir dagskrárlíð 1.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir bárust varðandi boðunina.

Á dagskrá fundarins voru átta dagskrárlíðir:

1. Ívar Torfason skipstjóri Herjólfss kemur í heimsókn og fer yfir stöðuna.

Ívar, einn af skipstjórum Herjólfss, kom á fundinn. Hann fór yfir fyrstu mánuði á nýju skipi og helstu verkefni sem framundan eru. Stjórn Herjólfss ohf. þakkar Ívari fyrir komuna og góða yfirferð á helstu verkefnum sem unnin hafa verið og eru framundan. Ívar vísar af fundi.

2. Slíptaka Herjólfss.

Framkvæmdastjóri fór yfir slíptökuna og helstu verkefni þar.

Lögð var fram tillaga um að framkvæmdastjóra verði falið að fylgja þeim verkum fast eftir sem ekki náðist að klára í slíppnum.

Stjórnin leggur áherslu á mikilvægi þess að vel sé haldið utan um öll ábyrgðarmál sem snúa að nýsmíðinni og er framkvæmdastjóra falið að fylgja því eftir að svo verði.

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða.

3. Framkvæmdir í Þorlákshöfn.

Framkvæmdastjóri upplýsti að Þorlákshöfn væri klár fyrir siglingar nýja Herjólfss. Lögð var fram tillaga um að framkvæmdastjóra verði falið að fylgja því eftir að húsnæði í Þorlákshöfn verði lagað og komið í viðunandi ástand.

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða.

4. Starfsmannastefna.

Vinna við starfsmannastefnu er hafin. Stefnt er að því að leggja fram drög að stefnu í viku 46.

Lögð var fram svohljóðandi tillaga: Stjórn Herjólfss leggur áherslu á að komið verði á reglulegum starfsmannafundum og felur framkvæmdastjóra að setja upp fundaráætlun fyrir starfsmannafundi og kynna stjórn þá áætlun á næsta fundi sem áætlaður er í viku 43.

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða.

5. Starfsreglur stjórnar.

Vinna við starfsreglur gengur vel og verður haldið áfram á næsta stjórnarfundi.

6. Frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um óháða úttekt á Landeyjahöfn.

Stjórn Herjólfss fagnar tillögunni og felur framkvæmdastjóra og stjórnarformanni að fara yfir hana og gera athugasemdir ef þurfa þykir.

7. Markaðsmál –heimasíða.

Umræður og framhald á næsta fundi.

8. Önnur mál.

Fyrir liggja drög að samkomulagi við Vegagerðina um uppgjör á milli aðila vegna á komu Herjólfss hins nýja. Stjórn felur framkvæmdastjóra að klára samninga við Vegagerðina.

Afgreiðsla: Samþykkt samhljóða.

Ekki annað rætt.

Fundi slitið kl. 18:35.

Fundargerð ritaði Agnes Einarsdóttir